



Fundargerð 154. fundar

Heilbrigðisnefnd Vesturlands hélt stjórnarfund í fundarsal
Hvalfjarðarsveitar Innrimel 3 mánudaginn 25. febrúar 2019 kl. 16.00

Á fundinum voru:

Ólafur Adolfsson, Akranesi (ÓA)
Auður Kjartansdóttir, Snæfellsbæ (AK)
Jakob Björgvin Jakobsson, Stykkishólmi (JBJ)
Silja Eyrún Steingrímsdóttir, Borgarbyggð (SES)
Ragnhildur Sigurðardóttir, fulltr. Náttúruverndarnefnda (RS)
Helgi Magnússon, Hvalfjarðarsveit (HM)

Á fundinum var auk nefndarmanna Helgi Helgason framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Brynja Þorbjörnsdóttir og Trausti Gylfason boðuðu forföll.

1. Starfsmannamál.

Formaður og framkvæmdastjóri greindu frá stöðu mála þar sem annar starfsmaður hefur verið í veikindaleyfi frá 7. nóvember 2018 og því aðeins framkv.stj. að störfum frá þeim tíma.

Eftir nokkrar umræður var eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða.

Framkvæmdastjóra falið að ganga frá auglýsingu starfsmanns frá mars-apríl til áramóta með möguleika á áframhaldandi ráðningu.

Fyrir næsta fund er formanni og framkvæmdastjóra falið að koma með tillögu að breyttri fjárhagsáætlun ársins 2019.

2. Ársreikningur 2018.

Drög að endurskoðuðum ársreikningi 2018 HeV hafa borist frá KPMG og voru send stjórnarmönnum með fundarboði.

Eftir nokkrar umræður um reikninginn var hann samþykktur og undirritaður af öllum stjórnarmönnum.

3. Innleiðing breytinga á matvælalögum nr. 93/1995.

Framkv.stj. greindi frá breytingum á matvælalögum sem innleiddar voru með lögum nr. 33/2018. Með breytingum, sem ætlað er að samræma eftirlitið og meta fyrirtæki samkv. frammistöðumati og áhættugreiningu, er einnig boðað að heilbrigðiseftirlitssvæðin taki upp eftirlitsgrunninn Ísleyf sem Matvælastofnun hefur notað á liðnum árum.

Eftir nokkrar umræður um málið var samþykkt eftirfarandi bókun:

Heilbrigðisnefnd álitur að með innleiðingunni sé verið að beina öllu matvælaeftirliti í ákveðinn gagnagrunn sem rekinn er af Matvælastofnun og taki því ekki tillit til annars eftirlits s.s. vegna hollustu- eða mengunarvarnamála.

Það er ljóst að með upptöku á gagnagrunninum Ísleyfi þarf Heilbrigðiseftirlitið að nota 2 gagnagrunna í mörgum fyrirtækjum og stofnunum.

Framkv.stj. falið að koma þessari bókun til ráðuneytis matvælamála (ANR).

4. Breytingartillaga á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir varðandi burðarpoka.

Framlagt

5. Tímabundin starfsleyfi.

Mötuneyti Grunnskólans á Varmalandi 12. – 13. janúar 2019

Berserkir ehf. v/niðurrifs á asbestshúsnæði Bæjarsveit, 3. jan – 17. jan 2019.

Fura ehf. v/ niðurrifs á skipi Bakkatúni 24 – 26, 21. jan – 21. febrúar 2019.

Framlagt

6. Umsögn vegna gjaldskrár.

Gjaldskrá vegna hundahalds í Grundarfjarðarbæ 2019

Gjaldskrá vegna kattahalds í Grundarfjaðarbæ 2019

Heilbrigðisnefndin gerir ekki athugasemdir við ofangreindar gjaldskrár.

7. Starfsleyfi í auglýsingu á heimasíðu.

Guðmundur Runólfsson hf. fiskvinnsluhús Sólvöllum 2, Grundarfirði – Nýtt.

Into The Glacier ehf. vegna snyrtinga Geitlandi og íshellis Langjökli - Endurnýjun

Samþykkt að auglýsa ofangr. starfsleyfi á heilasíðu HeV skv. ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

8. Starfsleyfi.

Nónklettur ehf. smákökugerð, Matarlind Borgarnesi. - Nýtt.

Vesturgarður ehf. takmörkuð matvælaframleiðsla Matarlind Borgarnesi – Nýtt (4 ár).

Báran brugghús ehf. Bárugötu 21, Akranesi – Nýtt.

Líkamsræktarstöð (Umf. Ólafur Pá) Vesturbraut 20, Búðardal (3. jan – 1. júlí 2019).

Þvottahúsið Hótelþvottur ehf. Sólbakka 6, Borgarnesi – Nýtt.

Bílasprautun Vesturlands Smiðjuvöllum 7, Akranesi – Nýtt.

Bifreiðaverkstæði Sólhvarfa ehf., Sólbyrgi Borgarbyggð – Nýtt.

Brotajárn og málmar ehf. Sementsreit Akranesi – Framlengt starfsleyfi til 31.03.2019.

SveitinATH ehf., gististaður Svarfhóli, Dalabyggð – Nýtt.

Kristín snyrtistofa Borgarbraut 59, Borgarnesi – Nýtt.

Samkomuhús Grundarfjarðar Sólvöllum 3, Grundarfirði – Nýtt.

Akraneskaupstaður v/niðurrifs bygginga Sementsreit – Framlengt til 30.06.2019.

Hvítárakki ehf. v/gisti- og veitingastaðar Hvítárvöllum 7, Borgarbyggð – Nýtt

Seljaland ferðaþjónusta vegna gisti- og veitingastarfsemi Seljalandi, Dalabyggð – Nýtt

Ennisbraut ehf. v/gististaðar Ennisbraut 1, Ólafsvík – Nýtt.

Icelandair Hótel Hamar Hamri, Borgarbyggð – Nýtt.

Starfsleyfi ofangr. fyrirtækja staðfest

9. Tóbakssöluleyfi.

Krónan Dalbraut á Akranesi – endurnýjun 28.12.
N1 Hyrninni Borgarnesi – endurnýjun 08.01.
N1 Ólafsbraut 57, Ólafsvík – endurnýjun 08.01.
N1 Þjóðbraut 9, Akranesi – endurnýjun 08.01.
Kjörbúðin Vesturbraut 10, Búðardal – endurnýjun 14.01.
FG veitingar ehf. Húsafelli – endurnýjun 06.02.
Olís Brúartorgi 8, Borgarnesi – endurnýjun 13.02.

Tímabundin tóbakssöluleyfi staðfest.

10. Tóbakssöluundanþága fyrir ungmenni.

Nettó í Borgarnesi, fyrir 2 ungmenni. Ábyrgðaraðili Kristín Ólafsdóttir.
Verslunin Kassinn í Ólafsvík, fyrir eitt ungmenni. Ábyrgðaraðili Ágúst Ingimar Sigurðsson.

Tímabundnar undanþágur staðfestar.

11. Umsagnir til sýslumanns – Rekstrarleyfi gististaða.

Ennisbraut ehf. v/gististaðar Ennisbraut 1 Ólafsv. – Nýtt.
Gistiver ehf.-Sýsló Guesthouse Aðalgötu 7, Sth. – Breytt
SveitinATH ehf. v/gististaðar Svarfhóli, Dalabyggð – Nýtt.

Framlagt

12. Umsagnir til sýslumanns – Rekstrarleyfi veitingastaða.

Samkomuhús Grundarfjarðar Sólvöllum 3, Grundarfirði – Endurnýjun.
Hvítárakki ehf. v/gisti- og veitingastaðar Hvítárvöllum 7, Borgarbyggð – Endurnýjun.
Icelandair Hótel Hamar Hamri, Borgarbyggð – Endurnýjun.
Seljaland ferðapjónusta v/ gisti- og veitingastarfsemi Seljalandi, Dalabyggð – Endurnýjun

Framlagt

13. Umsagnir til sýslumanns vegna tækisfærisleyfa.

Þinghamar Borgarbyggð v/söngskemmtunar 12.01.2019.
Valfell Borgarbyggð v/þorrablóts 25.01.2019
Íþróttahúsið Vesturgötu Akranesi v/þorrablóts 26.01.2019.
Dalabúð Dalabyggð v/ þorrablóts 26.01.2019.
Brún Borgarbyggð v/þorrablóts 26.01.2019
Lyngbrekka Borgarbyggð v/þorrablóts 01.02.2019.
Þinghamar Borgarbyggð v/þorrablóts 02.02.2019.
Tjarnarlundur Dalabyggð v/þorrablóts 02.02.2019.
Fannahlíð Hvalfjarðarsveit v/þorrablóts 02.02.2019.
Árblik Dalabyggð v/þorrablóts 09.02.2019.
Hjálmaklettur Borgarbyggð v/þorrablóts 09.02.2019.
Lindartunga Borgarbyggð v/þorrablóts 08.02.2019
Logaland Borgarbyggð v/þorrablóts 09.02.2019
Staðarfell Dalabyggð v/þorrablóts 16.02.2019
Lýsuhóll Snæfellsbæ v/þorrablóts 23.02.2019
Brautartunga Borgarbyggð v/þorrablóts 23.02.2019
Miðgarður Hvalfjarðarsveit v/þorrablóts 23.02.2019

Framlagt

Aðrar umsagnir.

- a) Akraneskaupstað vegna breytts deiliskipulags Skógahverfis (04.01.2019).
- b) Snæfellsbær vegna deiliskipulags í landi Arnarfells Arnarstapa (06.12.2019).
- c) Dalabyggð vegna deiliskipulags í landi Óss (19.12.2019).
- d) Borgarbyggð vegna deiliskipulags Litlu Tunguskógar, Húsafellslandi 2 (06.12.2018 og 15.02.2019).
- e) Borgarbyggð vegna aðal- og deiliskipualds reitar Hótels Borgarness (15.01.2019).
- f) Borgarbyggð vegna br. deiliskipualds á lóðum Borgarbrautar 55-59 (15.01.2019).
- g) Borgarbyggð vegna deiliskipulags skotæfingarsvæðis í landi Hamars (15.01.2019).
- h) Snæfellsbær vegna deiliskipulags frístundahúsa að Hellnum (16.01.2019).
- i) Hvalfjarðarsveit vegna dreifingar tilbúins áburðar á vatnsverndarsvæði (06.02.2019).
- j) Hvalfjarðarsveit vegna deiliskipulags í landi Narfastaða (13.02.2019).
- k) Akraneskaupstapur vegna aðalskipulagslýsingar Miðsvæðis (M2).
- l) Dalabyggð vegna aðal- og deiliskipulags frístundasvæðis í landi Óss (25.02.2019).

Framlagt

14. Önnur mál.

- a) Lögð fram umsókn Borgarbyggðar um viðurkenningu á hundapjálfa til að halda námskeið fyrir hunda og hundaeigendur til lækkunar á hundaleyfisgjöldum skv. gildandi hundasamþykkt í Borgarbyggð. Með umsókn fylgdi leyfisskírteini Söru Olrich-White.

Heilbrigðisnefndin samþykkir umrætt leyfisskírteini og að leyfishafi geti séð um námskeið fyrir hunda og hundaeigendur í Borgarbyggð.

Næsti fundur áætlaður í byrjun apríl.

Fundi slitið kl. 17.25